

Umhverfisráðuneytið
Hermann Sveinbjörnsson
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. ágúst 2010
2010080002/42-0
TB
jgo/tb

Rannsóknarleyfi í landi Þeistareykja og Reykjahlíðar í Gjástykki, umsögn

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 30. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Landsvirkjunar um rannsóknaleyfi í Gjástykki í landi Þeistareykja og Reykjahlíðar.

Landsvirkjun var gert að meta umhverfisáhrif þriggja rannsóknahola, af einum borteig, í Gjástykki í mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun gaf álit sitt um matið 18. febrúar sl. þar sem m.a. kemur fram að stofnunin telur svæðið hafa mikla sérstöðu jarðfræðilega á lands- og heimsvísu og telur verndar- og fræðslugildi svæðisins hátt. Skipulagsstofnun telur jafnframt að hefja megi rannsóknaboranir án þess að rýra náttúruverndargildi Gjástykkis til framtíðar. Skipulagsstofnun gefur sér þær forsendur að hægt verði að ganga frá svæðinu svo ummerki verði lítil og stofnunin tekur ekki afstöðu til nýtingar komi til hennar.

Umsögn

Náttúrufræðistofnun Íslands telur náttúruverndargildi Gjástykkis mjög hátt og vísar í rökstuðning í meðfylgjandi bréfi til umhverfisráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2009, og jafnframt í skýrslur um „Verndargildi háhitavæða“ sem stofnunin hefur sent ráðuneytinu en þar kemur fram að stofnunin telur að Gjástykki eigi að njóta hámarks verndar.

Fyrirhugaður borteigur er í „miðju“ nýja hraunsins. Á forsíðu matsskýrslu Landsvirkjunar er mynd sem sýnir veg þvert yfir nýja hraunið. Vegurinn er mjög gott dæmi um hvernig hægt er að eyðileggja ósnortið hraun og landslag með einni framkvæmd og rýra verulega gildi svæðisins. Nærtækast er því að reyna að hylja veginn með réttu efni svo hann verði ekki áberandi í landinu. Ljóst er að nýjar framkvæmdir munu hafa mikil áhrif og alls óvist hvernig tekst til með að endurheimta svæðið. Ef af nýtingu verður er ljóst að Gjástykki verður mikið raskað sbr. skipulag af fyrirhuguðu orkuvinnslusvæði og svæði undir háspennulínur. Gott dæmi í nágrenninu um eyðileggingu á formi landslags og jarðmyndana er að finna á Kröflusvæðinu þar sem pípur og borpallar hafa verulega skert Víti. Varla er hægt að orða það á annan hátt en að með ólíkindum er að slíkt hafi verið leyft og er gott dæmi um



framkvæmdir sem alls ekki er reynt að laga að landinu. Annað gott dæmi um þetta er virkjun á Reykjanesi sem nánast er inni í gígaröð.

Í Gjástykki virðist eiga að endurtaka mistökin við Viti þ.e. að setja borteig inn í mitt nýja hraunið með tilheyrandi aðgerðum og óvissu um endurheimt og nýtingu. Mun nær hefði verið að koma borteig fyrir annars staðar þó það hefði kostað að einhverju marki meiri skáboranir.

Það er ljóst að í Gjástykki takast á verndar- og nýtingarsjónarmið. Eftir lestur umsóknar Landsvirkjunar veldur það Náttúrufræðistofnun nokkrum áhyggjum að verulega virðist skorta upp á að helstu staðreyndir málsins komi fram, varðandi ágreining um hugsanlega virkjunarmöguleika í Gjástykki, þó ekki væri nema til að upplýsa þá sem lesa umsóknina. Kafli 8 er skrifaður þannig að engu líkara en að sátt hafi verið um skipulag í Gjástykki. Hvergi er minnst á, hvorki í kafla 8 eða annarsstaðar, að SUNN og Landvernd hafi óskað eftir því við umhverfisráðherra að gangast fyrir friðlýsingu Gjástykkis. Í kafla 8, Fyrirliggjandi skipulag og skipulagsáætlanir, segir m.a. eftir að fjallað er um stefnu skipulags á svæðinu: *Við móttun þeirrar stefnu sem kemur fram í skipulaginu var haft samráð við stofnanir, hagsmunadila og félagasamtök. Afmörkuð eru orkuvinnslusvæði byggt á niðurstöðum rannsókna, náttúrufars, náttúruverndar og menningarminja. Til áréttингar um stefnu um vernd eru sett hverfisverndarákvæði vegna náttúru- og menningarminja. Jafnframt er mörkuð stefna um legu aðkomuvega og flutningslína.* Við lestur þessa texta mætti því halda að hér hafi verið farið eftir óskum um náttúruvernd og að komist hafi verið að einhverri sameiginlegri niðurstöðu. Hvergi er sem sagt minnst á t.d. afstöðu SUNN í umsókninni þó það sé gert í matsskýrslu.

Í kafla 8.1 er fjallað um samþykkt samvinnunefndar miðhálendisins á tillögu vegna skipulagsmála í Skútustaðahrepp. Í bókun samvinnunefndar kemur fram að gerðar voru athugasemdir við tillöguna sem nefndin samþykki engu að síður. Hins vegar kemur ekki fram hvaða athugasemdir voru gerðar né heldur rökstuðningur nefndarinnar fyrir því að taka ekki tillit til þeirra.

Í kafla 9 er fjallað um stöðu náttúruverndarmála. Einhvern veginn tekst Landsvirkjun að skrifa kafla 9 án þess að minnst sé á vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar og ekki er fjallað um skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúrufar og verndargildi háhitavæða þ.m.t. Gjástykkis (NÍ-09012, NÍ-09013, NÍ-09014, NÍ-09015; <http://www.ni.is/midlun-og-thjonusta/utgafa/greinar/nr/950>).

Svo virðist sem að hverfisverndarsvæði í svæðisskipulagi séu valin af handahófi eftir að orkuvinnslusvæði hafi verið ákveðin. Hverfisverndarsvæði 2 er í ræmum í stað heildar og þar verður heimilt að leggja vegi, bípur og reisa önnur mannvirki. Orkuvinnslusvæði og hluti hverfisverndarsvæðis 2 eru ofan í hvort öðru. Þetta sýnir betur en margt hverslags vinnubrögð eru viðhöfð og sýnir jafnframt að hverfisverndarsvæði virðist hafa litla sem enga merkingu.



Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að Gjástykki eigi að njóta hámarks verndar og af þeirri ástæðu telur stofnunin að ekki eigi að heimila frekari rannsóknarboranir á svæðinu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf til umhverfisráðuneytisins dags. 18. nóvember 2009



Umhverfisráðuneytið
Sigurður Þráinsson
deildarstjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. nóvember 2009
2009080004/41-0

KJ/TB
jgo/tb

Friðlýsing, Gjástykki Þingeyjarsýslu

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 17. ágúst sl., þar sem óskað er eftir álití Náttúrufraðistofnunar Íslands á tillögu SUNN um friðlýsingu á Gjástykki. Einnig er vísað til svarbréfs Náttúrufraðistofnunar Íslands, dags. 20. ágúst sl., þar sem bent var á fyrilliggjandi álit stofnunarinnar um verndargildi Gjástykki, sjá meðfylgjandi bréf stofnunarinnar til Umhverfisstofnunar dags. 12. janúar sl., og vinnu Náttúrufraðistofnunar að verkefninu „Verndargildi háhitavæða“ á vegum Rammaáætlunar.

Náttúrufraðistofnun Íslands hefur nú lokið vinnu við verkefnið „Verndargildi háhitavæða“ og hefur afhent ráðuneytinu fjórar skýrslur um niðurstöður þess. Visar stofnunin til þeirra hvað varðar yfirlit um náttúrufar í Gjástykki og mat á verndargildi þess, en þar kemur m.a. fram að Náttúrufraðistofnun telur ástæðu til að Leirhnjúkur og Gjástykki skuli njóta hármarks verndar vegna sérstöðu þeirra.

Heild, stærð og upprunaleiki jarðminja getur skipt miklu máli ef vernda á sýnileika og samspil ólíkra þátta í jarðsögunni svo lesa megi hana úr landinu. Náttúrufraðistofnun vill veikja athygli á því að svæðið frá Leirhnjúk norður um Gjástykki í Kelduhverfi myndar ákveðna jarðfræðilega heild, þ.e. ummerki Kröfluelda (1975-1984). Þar má skoða gliðnun í sigdæld með sprungum og misgengjum ásamt hraunum og gosstöðvum. Til þess að varðveita þessa heild þarf að lágmarki að friða öll hraun sem runnu í Kröflueldum, allt frá Leirhnjúki norður fyrir Hrútafjöll, ásamt sprungum og misgengjum sem afmarka sigdalinn. Á meðfylgjandi korti er sýnt það svæði sem Náttúrufraðistofnun telur að þurfí að friða að lágmarki. Í þessu sambandi vísast einnig til meðfylgjandi korts Kristjáns Sæmundssonar (1991, mynd 1-28). Innan þessa svæðis er náttúruundrið Hvannstóð, tveir samvaxnir sprengigígar sem mynduðust fyrir um 5000 árum. Inn í þá hefur runnið hraun í Mývatnseldum og eftir að það var hálfstorknað hefur runnið undan því þannig að eftir standa göng og hellar með súlum á milli. Þetta minnir á Dimmuborgir en er smærra í sniðum og mun heillegra. Í Kröflueldum rann einnig hrauntaumur inn í Hvannstóð. Náttúrufraðistofnun vill benda á að yfirborð hrauna og annarra gosminja frá Kröflueldum er afar viðkvæmt fyrir raski og því er mikilvægt að stýra umferð ferðamanna með afmörkuðum gönguleiðum.

Auk þess svæðis sem Náttúrufraðistofnun telur að þurfí að friða að lágmarki væri óskandi að



fram lengja svæðið norður eftir sigdalnum eftir því sem kostur er í átt að Kelduhverfi og til suðurs þannig að það taki einnig til ummerkja Mývatnselda (1724-1729). Leirhnjúkur og Gjástykki eru hluti af gos- og sprungurein eldstöðvakerfisins Kröflu. Krafla hefur verndargildi á heimsmælikvarða sem kennslubókardæmi um megineldstöð í rekbelti. Hún er best rannsokuð af eldstöðvum landsins. Myndun öskjunnar fyrir 200 þúsund árum, gliðnun hennar auk rannsókna og vöktunar á Kröflueldum gera svæðið í heild merkilegt frá vísindalegum sjónarhlí. Náttúrufræðistofnun bendir auk þess á að brýnt er að friða Hrafntinnuhrygg sem allra fyrst. Hrafntinnuhryggur, suðaustan við Kröflu, er um 2,5 km langur og ris um 80 m yfir umhverfið. Hann er allur úr líparíti og hrafntinna, sem er ein af ásýndum líparíts, er í beltum og á jöðrum hleina í háhrygnum. Fersk hrafntinna úr Hrafntinnuhrygg þykir sérlega falleg, biksvört með tærar glergljáa og er hún dílalaus. Þá er einnig ástæða til að vernda ýmis ummerki Mývatnselda, svo sem sprengigíginn Víti, en hann eftir að vernda einu gígarnir af þessu tagi sem þekkt er með vissu að hafi myndast eftir að Víti í Öskju eru einu gígarnir af þessu tagi sem þekkt er með vissu að hafi myndast eftir að landið byggðist. Einnig hraun runnin í Mývatnseldum suður og vestur af Leirhnjúk og um tengslum við breytingar á lögum um vernd Mývatns og Laxár sbr. bráðabirgðaákvæði II i lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár (Umhverfisstofnun 2004, kafli 2.5 Námaþjall og Eldá).

Leirhnjúkur, hverir (Hverarönd) við Námaþjall og Eldá.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Bréf frá Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 12. janúar sl., kort sem sýnir tillögu Náttúrufræðistofnunar að lágmarks stærð verndarsvæðis, kort; Kristján Sæmundsson (1991, mynd 1-28).
Afrit: SUNN, Landvernd, Umhverfisstofnun


Heimildir

Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009. Flokkun gróðurs og landgerða á háhitasvæðum Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09013 + kort.

Ásrún Elmarsdóttir, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Rannveig Thoroddsen 2009. Gróður, fuglar og smádyr 18 á háhitasvæðum. Samantekt fyrrliggjandi gagna. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09015.

Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson 2009. Jarðminjar á háhitasvæðum Íslands. Jarðfræði, landmótun og jarðhitaummerki. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09012 + kort og mynddiskur.

Kristján Sæmundsson 1991, Jarðfræði Kröflukerfisins. Í: Arnþór Garðarsson og Árni



Einarsson (ritstj.), Náttúra Mývatns, bls. 25–95. Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík.
Páll Einarsson 1991. Umbrotin við Kröflu 1975-1980. Í: Arnþór Garðarsson og Árni
Einarsson (ritstj.), Náttúra Mývatns, bls. 96-139. Hið íslenska náttúrufræðifélag,
Reykjavík.

Umhverfisstofnun 2004. Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar
vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár. Umhverfisstofnun, UST-2004:29.

Trausti Baldursson Ásrún Elmarsdóttir, Kristján Jónasson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og
Sigmundur Einarsson 2009. Mat á verndargildi 18 háhitasvæða. Náttúrufræðistofnun
Íslands, NÍ-09014. 53 bls.